



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 24. apríl 2015.

Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 17. apríl sl. var samþykkt ný reglugerð um ferðapáttökugjald sem sett var á grundvelli samþykktar ársþings KSÍ 2015 og er tilgangur hennar að auka jöfnuð félaga gagnvart ferðakostnaði.

Í reglugerðinni er bráðabirgðaákvæði sem gildir árið 2015 um að kostnaði sé skipt u.þ.b. jafnt á milli KSÍ og aðildarfélaga og greiðsludagur verði 15. maí. Þessi ákvörðun þýðir að þau félög sem eiga að greiða ferðapáttökugjald greiða að hámarki 75.000-. á lið.

Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald

1. grein.

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapáttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðin er sett á grundvelli samþykktar ársþings KSÍ 2015 og er tilgangur hennar að auka jöfnuð félaga gagnvart ferðakostnaði.

2. grein.

Ferðapáttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Við útreikninga skal miða við sérstakt kílómetragjald fyrir keppnislið í heild sinni, 200 kr. pr. kílómetra, og má því aðeins breyta þeirri upphæð með samþykkt ársþings. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miða við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðar ríkisins. Ferðapáttökugjaldið skal reiknað út fyrir hverja deild og að hver deild er sjálfstæð við útreikninginn kostnaðar.

3. grein.

Ferðapáttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 15. maí ár hvert og skal upphæðin vera nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Greiðsla til þeirra félaga skal innt af henti í tvennu lagi, eftir fyrri og seinni hluta móts.

Greiði félag ekki innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000 pr. dag frá 17. maí að telja.

Bráðabirgðaákvæði 2015: Nettókostnaður vegna ferðapáttökugjaldsins umfram kr. 75.000 á lið verður greiddur af KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Klara Bjartmarz,
framkvæmdastjóri KSÍ.